

## Pfizer býður nú lyf gegn ástarsorg og kældum kvensköpum

Kunnuglegar aukaverkanir covid-19 „bólusetningarefna“ frá Pfizer og Moderna (mRNA) eru m.a.; dauðdagi vegna hjartabilunar, hjartaslaga, æðateppu, bráðýgs krabba og svo framvegis.

Skýrslur um þessar aukaverkanir skila sér illa í opinberar aukaverkanaskrár, líklega að hámarki um tíunda hluta. Skosk yfirvöld hafa verið einna heiðarlegust í skýrslugerð sinni, en þykir nú nóg komið af svo góðu. Það hefur nefnilega komið í ljós, að þar í landi standa þrjúbólusettir verst að vígi fyrir nýjum covid sýkingum. Svipaðar tölur hafa verið birtar í Englandi. Einungis brot tilkynninga eru rannsökuð.

En tryggingafélögin sitja ekki auðum höndum. Gífurleg aukning kvilla og andláta hefur fengið þau til að rumska. Nýlega tilkynnti tryggingafélag í Bandaríkjunum um ferfalda aukningu andláta, sem komu eins og þrumur úr heiðskíru lofti hjá fullfrísku fólki á besta aldri. Nú hefur þýskt tryggingafélag bent á svipuð örlög bólusetningarþega á sínum heimaslóðum.

Yfirvöld og fjölmiðlar, hollir hinu opinbera ævintýri um gagnsemi þessara bólusetninga, reyna nú að útskýra aukaverkanir með nýjum ævintýrum eins og ástarsorg og kældum kvensköpum (winter vagina).

En Pfizer og baráttufélagar þess fyrir bættu heilbrigði á heimsvísu slá ekki slöku við í slyngri lyfjamennt. Pfizer hefur sett á markað lyf gegn „hjartnæmum“ aukaverkunum við bólusetningarlyfi sínu. Börn og unglingar eru þegar orðnir skotspónar.

Það setur óneitanlega að mér hroll, svo margar lyfjahrollvekjur hef ég séð í geðheilbrigðisþjónustunni, þar sem meginreglan er sú, að gefa lyf við hinum og þessum geðkvillum, eins og þeir hverju sinni eru skilgreindir. Síðan kemur lyf við aukaverkunum þess og enn síðar lyf við aukaverkunum af aukaverkanalyfinu. Þegar ný lyf eða ný afbrigði (stundum bara nýtt nafn) hefst hringrásin aftur. Það gerist jafnvel, að lyf sé gefið vegna aukaverkana.

Lyfjaiðnaðurinn teygir krumlu sína í átt til sífelld yngri barna. Samhliða þessu smíða sjúkdómsgreiningarkerfin stöðugt nýja sjúkdóma eða þynna út skilgreiningar þeirra. Og læknar eru heilapvegnir og stjórnvöld greiða fyrir lyfin í nafni almannaheilla og lýðheilsu.

<https://dailyexpose.uk/2022/02/21/tripple-jabbed-covid-vaccine-effectiveness-negative-minus-206-percent/>

[https://markcrispinmiller.substack.com/p/they-all-died-suddenly-just-this?fbclid=IwAR2ifMMVe9-mP2Cjij\\_1dTz1wnlV-tiy5RIP-bK4RUol1DGW0snoq622XkY&utm\\_source=url](https://markcrispinmiller.substack.com/p/they-all-died-suddenly-just-this?fbclid=IwAR2ifMMVe9-mP2Cjij_1dTz1wnlV-tiy5RIP-bK4RUol1DGW0snoq622XkY&utm_source=url)

<https://www.thesun.co.uk/health/16862556/cold-weather-affect-body/>

<https://abcnews.go.com/Politics/broken-heart-cases-surge-covid-women/story?id=82543558>

<https://www.welt.de/politik/deutschland/plus237106177/Coronavirus-Mehr-Impf-Nebenwirkungen-als-bisher-bekannt.html>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/pfizer-blockbuster-drug-heart-conditions-covid-vaccines/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=4f2f54b4-584f-4bca-83ae-e9d2703c5086](https://childrenshealthdefense.org/defender/pfizer-blockbuster-drug-heart-conditions-covid-vaccines/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=4f2f54b4-584f-4bca-83ae-e9d2703c5086)